
Hermar og aðrir ljúflingar




Um þessa helgi lýkur sýningu Sæmundar Valdimarssonar á tréskúlptúrum úr rekaviði í anddyri Kjarvalsstaða. Sæmundur hóf ekki að stunda höggmyndalist fyrr en upp úr fimmtugu og er sjálfmenntaður í faginu. Þrátt fyrir það, eða kannski einmitt þess vegna búa myndir hans yfir sjaldgæfri einlægni, sakleysi og ferskleika sem minnir á leik barnsins.

Sæmundur gerir eingöngu mannamyndir, þar sem sjálfur rekaviðardrumburinn myndar armalausan bolinn, oft með fagurlega mótuðum kynfærum og höfði með máluðum augum og augnlokum og álímdum augnhárum. Stundum eru stytturnar prýddar viðskeyttu höfuðfati eða haddi úr límkvoðu eða tálguðum rótum og fjölbreytnin í þessu persónugallerii er eins mikil og breytileiki viðarbútanna sem Sæmundur hefur hirt á fjörum hér fyrir sunnan og vestan og eru komnir alla leið austan úr Síberíu eins og hann segir sjálfur. Í myndunum er leikið á eiginleika viðarins þar sem holur maðkanna leika stórt hlutverk ásamt með kvistum og viðaræðum og síðan eru sumar stytturnar klæddar með álímdu þangi, ýsuroði og fleiru skrautlegu sem fellur fullkomlega að myndefninu í þeirri barnslegu einlægni sem Sæmundi er lagin.

Það er ekki fjarri lagi að líkja myndum Sæmundar við hermana rómversku, sem voru guðamyndir gerðar úr steini og áttu að veita mönnum og skepnum og gróðri blessaða frjósemi í hinni heiðnu trú.


Hermarnir voru að vísu úr steini og ferstrendir en þeir voru handalausir eins og myndir Sæmundar og skreyttir með laufi að neðan og kynfærin sýnd sem snúinn hafursreður. Að ofan var hermurinn gjarnan með andliti fánsins eða Pans: igldar brýr og eyru sem skárust í odd. Rómverjar til forna báru styttur þessar út í víngarðana og höfðu þær meðfram vegum eða við dyrastafi auk þess sem stytturnar voru notaðar við þær dularfullu helgiathafnir sem helgaðar voru Díonísíusi og viðhafðar við brúðarvígslu. Hermurinn átti að færa brúðinni jafnt og akrinum blessaða frjósemi. Hermurinn ber trúlega upphaflega nafn af Hermesi eða Merkúríusi, en tengdist síðan Fáninum og þeim félögum Pan og Príapusi sem báðir áttu að tryggja kyngetu karlmanna. Herminn sem slíkur er í rauninni reðurtákn í formi sínu, og þannig skil ég mynbdir Sæmundar: þær munu trúlega duga best á þeim mikilvægu stundum í lífinu þar sem kyngetan og frjósemin þurfa að haldast í hendur.

ólg.



Friðrik Þórðarson sextugur

Eftir stétt milli húsa í háskólahverfinu á Blindern í Ósló, þeirri borg er svo heitir, kemur gangandi maður, í meðallagi hár, stuttstígur, jarpur á hár og skegg og hvorttveggja prútt en þó gráyrjótt orðið. Hann ber tösku í hendi og er álútur og svo sem eilítið annars hugar, en það hýrnar fljótt yfir honum þegar hann er ávarpaður á íslensku. Þetta er Friðrik Þórðarson. Hann verður sextugur 7. mars.



Friðrik óx upp í Reykjavík á árum kreppu og heimsstyrjaldar. Að loknu stúdentsprófi hóf hann nám í lögfræði, en hvarf brátt frá því og hélt til Óslóar. Þar tók hann að læra klassísk mál, grísku og latínu. Síðan nam hann sanskrít hjá kunnum fræðaþul, Georg Morgenstierne, og eftir það drósthugur hans æ meira að írönskum málum. Að loknu prófi réðst Friðrik sem bókavörður að Háskólabókasafninu í Ósló og var jafnframt stundakennari í klassískum málum. Hann var skamma hríð lektor við Björgvinjarháskóla, en árið 1969 tók hann við stöðu sem kennari í klassískum málum við Óslóarháskóla og hefur gegnt henni síðan. Eiginkona hans er Kirsten Abrahamsen, dönsk að kyni.

Á Íslandi er Friðrik kunnastur af þýðingum sínum úr grísku. Árið 1962 komu út hjá Máli og menningu **Grískar þjóðsögur og ævintýri** og fjórum árum seinna **Sagan af Dafnis og Klóa.** Með bókum þessum höfðu Íslendingar fengið í hendur kjörgripi. Þær eru þannig úr garði gerðar af Friðriks hálfu að hiklaust verður að telja hann meðal öndvegisþýðenda óbundins máls á íslensku, og er óhætt að nefna hann þar við hlið tveggja fornfræðinga á síðustu öld, þeirra Sveinbjarnar Egilssonar og Steingríms Thorsteinssonar. Í tímaritum og blöðum hafa birst fáein smærri sýnishorn af stíl Friðriks. Mætti kalla það happ ef einhverjum ritstjóra eða bókaútgefanda tækist að sækja meira gull í greipar hans.

Ritverk Friðriks á íslensku færa heim sanninn um að bókmenntamaður er hann ágætur, enda vita kunningjar hans að á því sviði er hann bæði fróður og smekkvís, og allra manna vandlátastur. Formáli hans að þýðingu Helga Hálfdanarsonar á Antígónu er góð vísbending um hve lagið honum er að fræða um bókmenntir og menningu fornra tíma án þess að draga nokkuð úr þeim vanda sem við er að etja. En flest fræðistörf Friðriks lúta að málvísindum. Torvelt er að geta sér til um fjölda þeirra tungumála sem hann hefur lagt einhverja stund á og tileinkað sér til meiri eða minni hlítar, og það því fremur sem enginn maður er ólíklegri til að stæra sig af verkum sínum eða kunnáttu.

Þótt kennsla Friðriks hafi einkum verið í latínu og grísku, hafa rannsóknir hans beinst að írönskum málum öðrum framar, og ber þar hæst ossetísku, indóevrópskt mál sem talað er í Ossetíska sjálfstjórnarhéraðinu í Georgíu og sjálfstjórnarlýðveldinu Norður-Ossetíu, í Kákasusfjöllum norðanverðum. Alls mun um hálf milljón manns mæla á ossetíska tungu, og eru þeir síðustu afkomendur hinna voldugu frændþjóða, Skýþa, Sarmata og Alana, sem réðu víðlendum ríkjum á Suður-Rússlandi og víðar í grárri forneskju. Kákasus er nornaketill þjóða og tungna af ólíkum uppruna. Á þessum slóðum eru talaðar fjölmargar tungur: indóevrópskar, tyrkverskar, einangruð mál svo sem armenska, georgíska og önnur kartvelsk mál. Skipta mál þessi mörgum tugum. Auk ossetísku mun georgíska vera Friðrik þeirra hugstæðust. Norður til Kákasus teygist það landsvæði sem byggt er Kúrdum, ógæfusamri þjóð sem einatt er getið í fréttum, og hefur Friðrik lagt mikla rækt við tungu þeirra og menningu. Í þessum Babelsturni tungumála unir Friðrik sér vel og leggur þangað leið sína eins oft og færi gefst. Hann var um skeið forseti alþjóðasambands kákasusfræðinga og stýrði þingi þess í Ósló 1986.

Friðrik Þórðarson kann manna best að segja frá, hvort sem er í góðra vina hópi eða í rituðu máli, og munu ýmsir bréfavinir hans á Íslandi geta borið því vitni. Reykjavík æskuáranna verður ljóslifandi í frásögnum hans, gengnir þjóðmálaskörungar, og -skúmar, lifna við á vörum hans. Friðrik tvinnar manna best listfengi og staðreyndir í frásögn og kryddar hlutlægt mat snöfurlegri glettni.

Með þökk fyrir liðnar og ókomnar ánægjustundir, Chrysostome!

Helgi Haraldsson og Vésteinn Ólason